

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Neskaupsstað (I)



<b>Dags eftirlits</b>	11.6.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Rögnavaldur Kári Víkingsson	<b>Staðsetning</b>	746686,545	525979,673

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi stöðvarinnar og engin athugasemd var gerð við stöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Búið er að sameina olíubirgðastöðvarnar (Neskaupstaður 1 og Neskaupstaður 2) undir einu starfsleyfi og framvegis verður inn- og útdæling sameinginleg. Ein rekstrarhandbók er í notkun. Skráningar í rekstrarhandbók voru í góðu lagi.

Mæla á olíuleifar í frárennli olíuskilju að lágmarki þriðja hvert ár. Niðurstöður mælinga fyrir 2014 liggja fyrir. Notað var Macherey-Nagel olíupróf og stóðst frárennli stöðvarinnar prófið. Ekki greindist olía í sýninu.

Sex geymar eru í stöðinni og hafa allir geymarnir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum og lagnir verið þrýstiprófaðar á síðustu 5 árum.

Búið er að samtengja stöðvarnar og nú fer öll dæling á flutningabíla fram á áfyllingaplani við Naustahvamm 57.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (pró) og olíuskilja.

Girðingar og hlið voru í lagi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók liggja fyrir.

## ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við stöðina.

Reykjavík, 02.12.2014

Gottskálk Friðgeirsson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.